

FUGLALÍF Í DYRHÓLAEY

MINNISBLAÐ

VERKNÚMÉR: 09300-001

VERKHLUTI: 009

HÖFUNDUR: Arnór Þórir Sigfússon

DREIFING: Umhverfisstofnun

DAGS.: 2018-04-28

NR.: 0018

Málefni: Skoðun á fuglalífi í Dyrhólaey

Þann 26. apríl 2018 var farin vettvangsferð í Dyrhólaey að beiðni Umhverfisstofnunar. Tilgangur ferðarinnar var að gera forkönnun vegna auglýsingar um aðgengi almennings að eyinni frá 1. maí til 25. júní, en samkvæmt auglýsingu um friðlýsingu Dyrhólaeyjar frá 1978 þá getur Umhverfisstofnun (UST) takmarkað ferðir um eyna á því tímabili. Með í för, auk undirritaðs, var Heiðrún Svála Aronsdóttir, landvörður í Dyrhólaey.

Líkt og hefðbundið er í fyrstu skoðunarferð seint í apríl eða byrjun maí þá var byrjað á að aka upp á Háey. Farið var að vitanum og gengið þaðan með brúnum niður á Lágey og svipast um eftir fuglum á landi og á sjó undir björgunum. Síðan var gengin norðurströnd Lágeyjar og fuglar innan við ósinn taldir. Veður var með verra móti, vindur að austan um 9 m/s og skýjað. Hiti var um 4°C og gekk á með hressilegum skúrum.


Lítið sást af fuglum uppá eyinni. Einn hrossagaukur, tjaldspar við tjörn, spóapar austan á Lágey og steindepilskarl austan við salernishúsið. Stelkar voru á leirunni vestan við eyna. Veðrið gæti hafa spilað þarna inni og valdið því að mófuglar væru minna áberandi. Tveir hrafnar voru á flugi vestan við eyna og settust og kroppuðu í álfthrae sem var á sandrifi norðan við Lágey. Sex Stokkandapör voru á lóni vestan við eyna og eitt stokkandapar við norðausturhorn Lágeyjar, utan við helsta æðarvarpið. Óvenjulítið var af fuglum á ósnum, hópur hettumáfa auk framangreindra fugla. Aðeins voru tveir æðarblikar á ósnum sem er með minnsta móti á þessum tíma árs og engar dugg-eða skúfendur né toppendur eins og oft. Veður og skyggni gætu hafa haft einhver áhrif á fjölda sem sjáanlegur var á ósnum

Í björgum sátu ritur og fýlar í hreiðurstæðum og svartfugl sat á syllum Dyrhólaey og í bælum og syllum í dröngunum þar suðuraf. Engir lundar sáust í brekkum vestan við vitann en þar var eitthvað rót við holur og að sögn Heiðrúnar eru þeir farnir að setjast upp í eyinni að kveldi. Nokkuð sást af svartfuglum á sjó. Silfur máfar, sílamáfar og svartbakar, sáust einnig á og við eyna og einn kjói á flugi yfir sjó. Tólf súlur sáust suðvestur af Háey og stungu sér þar. Í Þjófaurð voru sjö silfur máfspör en ekkert þeirra virtist vera lagst á egg. Bjargdúfur undir björgunum voru fjórtán, sjö í urð undir vitanum og sjö í Þjófaurð.

Engir æðarfuglar voru sestir upp, hvorki ofan á eyinni né undir klettum norðan við eyna. Ekki sáust heldur æðarfuglar sitja uppi undir klettum vestan á eyinni. Minna var af æðarfugli á sjó við eyna nú en 2017 (Mynd 1.) en meira en var bæði 2015 og 2016. Munurinn milli ára frá 2017 var um 20%. Líkt og sagt var í fyrri minnisblöðum Verkís til UST frá sambærilegum tíma þá er ekki hægt að fullyrða neitt um hvernig varp muni verða í sumar út frá talningum á þessum tíma. Heildarfjöldi æðarfugla við eyna nú er yfir meðaltali þó fjöldi kollna hafi verið aðeins undir meðaltali. Það gæti gefið fyrirheit um að varp yrði í kringum meðaltal ef veður og aðstæður eru góðar. Ekki var mikið af svokölluðum veturliðum í hópum æðarfugla á sjó, en það eru veturgamlir æðarblikar og bendir það að varp hafi kannski ekki tekist vel árið 2017. Samkvæmt upplýsingum frá Evu Þorsteinsdóttur, umsjónarmanns æðarvarpsins, voru talin 96 æðarhreiður sumarið 2017. Varpið fór að sögn illa af stað þar sem ósinn lokaðist í nokkurn tíma í fyrra og á sama tíma gerði slagveður sem skolaði burt flestum hreiðrum norðanmegin á Lágey.



Líkt og gerð hefur verið grein fyrir í minnisblöðum Verkís til UST 2009 til 2017 hefur varp sumra tegunda verið lítið miðað við könnun sem gerð var af NÍ 1999¹, sérstaklega hvað varðar æðarfugl, kríu og sílamáf. Í könnun sem gerð var á varpi fugla sumarið 2012 af Náttúrustofu Suðurlands² fundust 253 æðarhreiður og talið að þau hafi verið eitthvað fleiri. Svo virðist sem einhver fjölgun hafi orðið á æðarfuglum frá árunum 2009-2011 en svo sáust í talningum landvarða í eyinni 2013³ aðeins um 120 hreiður og 2014 var æðarvarp það árið einungis og um 130 hreiður (Eva Þorsteinsdóttir, munnlegar upplýsingar) svo þessi fjölgun hafði gengið til baka. Árið 2016 var fjöldi hreiðra kominn í um 160.



Mynd 1. Fjöldi æðarfugla á sjó umhverfis Dyrhólaey í lok apríl.

Frá því að Verkís byrjaði að koma að könnun á fuglalífi í Dyrhólaey 2009 hefur miklu verið áorkað varðandi alla umgjörð á eyinni og enn hefur verið bætt úr afmörkun göngustíga frá síðasta ári. Bílastæði í Lágey hefur verið flutt norðar og fjær austurbrún eyjunnar auk þess sem þar er komið salernishús. Bílastæðið og salernið eru á svæði þar sem helsta kríuvarpið í eyinni hefur verið undanfarin ár. Kannað var í júní 2017⁴ hver áhrifin hefðu orðið á kríuvarp í eyinni og hafði það þá minnkað almennt en meira á þessu svæði. Krían var ekki komin í þessari vettvangsferð og því ekki hægt að segja til um áhrif þessa á varpið nú. Landvarsla verið hefur verið í eyinni að sumri undanfarin fimm ár. Nú í vetur hefur landvörður búið í eyinni og sinnt þar vörslu. Þetta allt er til þess fallið að stuðla að betri umgengni og stýringu umferðar ferðamanna um eyna sem ætti að geta orðið fuglalífi til framdráttar.

Eins og áður hefur komið fram í fyrri minnisblöðum frá Verkís, í skýrslu Náttúrustofu Suðurlands² og landvörsluskýrslu frá 2013³ er þéttasta æðarvarpið undir norður hlið Lágeyjar. Einnig var nokkuð varp uppi á Lágeyinni m.a. við tjörn og læk sem eru nálægt veginum upp í Háey og þar austur og suður af þó það virðist hafa minnkað og árið 2015 fannst aðeins eitt æðarhreiður uppi á Lágey í athugun Verkís 10. júní 2015 og sömu sögu var að segja í júní 2017 Í Háey hefur alltaf lítið sem ekkert æðarvarp. Umferð um Háey hefur því lítil áhrif á æðarvarp og væri það þá helst umferð ökutækja á leið á Háey framhjá tjörninni sem gæti haft truflandi áhrif á æðarfugl. Ef sú umferð heldur áfram óhikað framhjá tjörninni þá veldur hún lítilli truflun og varpfuglar venjast henni að líkindum fljótt. Meiri líkur eru á truflun frá göngufólki og æskilegt er að reyna að hindra að bílar stoppi við tjörnina. Að framansögðu ætti það ekki að hafa teljandi áhrif á varp æðarfugls í Dyrhólaey þó umferð verði leyfð í Háey eftir 1. maí.

Umferð um Lágey er líklegri til að valda truflun í æðarvarpi. Varp uppi á eyinni hefur þó verið lítið síðustu ár ef frá er talið svæðið umhverfis tjörnina og þar suður og austur af fyrir 2015. Umferð

¹ María Harðardóttir og Einar Ólafur Þorleifsson 2000. *Fuglalíf í Dyrhólaey*. Unnið fyrir Náttúruvernd ríkisins. 23 bls. Skýrslur Náttúrufræðistofnunar Íslands, NI-00003.

² Erpur Snær Hansen og Ingvar Atli Sigurðsson 2012. *Úttekt á fuglalífi í Dyrhólaey 2012*. Unnið fyrir Umhverfisstofnun.

³ Birgir Örn Sigurðsson og Eva Dögg Þorsteinsdóttir 2013 óbirt skýrsla um landvörslu í Dyrhólaey 2013

⁴ Verkís 2017. Skoðun á fuglalífi í Dyrhólaey. Minnisblað 10. september 2017.



bíla á leið að bílastæðinu í Lágey ætti ekki að hafa mikil áhrif á æðarvarp, engin á þéttasta varpið undir klettunum norðan né teljandi á varp við tjörnina. Í klapparholtum á suðvesturhluta Lágeyjar og móanum austan við núverandi bílastæði var áður strjált varp æðarfugla sem nú virðist horfið. Áfram ætti að reyna að takmarka umferð ferðamanna sem mest við helstu gönguleiðir á svæðinu líkt og gert er með köðlum og skiltum nú. Koma þarf í veg fyrir að ferðamenn séu að fara með klettum á norðurströnd Lágeyjar þar sem helsta æðarvarpið er. Ef vel tekst til með stýringu ferðamanna um Lágey ætti áhrif þeirra á fuglalíf eyjunnar og æðarvarp að verða takmarkað og því ætti það ekki að hafa teljandi áhrif á varp æðarfugls í Dyrhólaey þó umferð verði leyfð í Lágey eftir 1. maí. Vel þarf að fylgjast með að ekki sé um lausagöngu hunda að ræða á svæðinu.

Refir hafa undanfarin ár verið á ferð í eygni á og fyrir varptíma æðarfugls og voru t.d. felldir refir þar árin 2011 og 2013 eins og getið hefur verið í fyrri minnisblöðum Verkís. Samkvæmt minnisblaði frá Evu Þorsteinsdóttur dagsettu 4. maí 2014, voru tveir refir í eygni í maí það ár og samkvæmt munnlegum upplýsingum frá Evu var skotið á ref sem sást í eygni í lok apríl 2015 en hann náðist ekki. Samkvæmt framangreindu minnisblaði frá EP þá var æðarvarp í Dyrhólaey mun meira árið 2012 (246 hreiður) þegar ekki var getið um ref en var árin 2011 (140 hreiður), 2013 (120 hreiður) og 2014 (130 hreiður) þegar refir sást. Samkvæmt framangreindu bréfi Evu Þorsteinsdóttur, dagsett 11. apríl 2017, var refur skotin í Dyrhólaey 23. apríl 2016 og einn í Geitafjalli daginn eftir. Ummerki sáust um ref uppi á Lágey í vettvangsferð sem farin var í júní 2017⁵ og nú sást refur úti á leirunni norður af Lágey. Var hann þar á sandrifi í ósnum norðan við þar sem fyrrnefndir tveir hrafnar voru að kroppa í álfthrá. Þegar hrafnarnir fóru synti refurinn út í rifið þar sem hræið var og hnusaði af því. Eftir það hélt hann eftir leirunni til suðausturs og hvarf sjónum undir eyna. Eins og í fyrri minnisblöðum þá er hvatt til að refa sé leitað vel fyrir varp og lögð áhersla á að verja eyna fyrir ágangi refa ef vilji er til að viðhalda þétu æðarvarpi og nytjum. Að sögn Heiðrúnar Svölu Aronsdóttir sáust ummerki um ref norðan við Lágey helgina 21-22. apríl, á sömu slóðum og þessi refur sem nú sást var. Þetta er skammt undan þéttasta æðarvarpinu í Dyrhólaey og gæti haft fælandi áhrif á æðarkollur sem eru að vitja varpanna um þessar mundir og undirbúa varp. Áhrif sem refir hafa á æðravarp er að auk þess að ræna hreiðrin þá valda þeir skelfingu hjá æðarkollum. Verði þær varar við refi á ferð þegar þær eru að setjast upp gæti það orðið til þess að þær hætti við varp á svæðinu og flytji sig annað. Áhrif af slíku geta orðið langvinn og kollurnar geta forðast að koma aftur næstu ár og fundið sér nýjar varplendur. Það er vel þekkt að æðarfugl er frekar gæfur og venst umgengni manna og er hnignun varps undanfarin ár líklegri til að vera frekar af völdum mikillar umferðar refa en manna.

Ef vel tekst til með stýringu á umferð manna frá viðkvæmstu stöðum ætti fuglavarp, þar með talið æðarvarp, að geta þrífist vel í eygni þó ferðamenn fari þar um. Leggja þarf mikla áherslu á eyðingu refa og minka, hlúa vel að æðarvarpi þar sem það er þéttast fyrir og nýtur verndar. Næturlokun Dyrhólaeyjar á varptíma þegar landvörður er ekki að störfum líkt og verið hefur undanfarin ár er æskileg og ætti að stuðla að því að truflun af völdum ferðamanna haldist í lágmarki. Rétt væri að setja hana á strax í byrjun maí þegar þegar varp fer að hefjast. Áfram ætti að halda á þeirri braut sem fylgt hefur verið undanfarin ár með auknum framkvæmdum við stíga, vegi og skilti sem munu geta leitt til aukinnar verndar í sátt við stýrða umferð manna um svæðið og bæta nýtingu til frambúðar.

⁵ Verkís 2017. Skoðun á fuglalífi í Dyrhólaey. Minnisblað 10. september 2017.